

Tryggvi Þorgeirsson, forstjóri SidekickHealth, segir fjarheilbrigðiskerfið geta flýtt því að gripíð sé inn í þegar sjúklingum versnar.
Mynal/gag

Nýta gagnabanka Sidekick til að meta þróun veikinda COVID-19-sjúkra

Starfsfólk Landspítala og heilbrigðistæknifyrirtækið SidekickHealth ætla að rannsaka einkenni sjúklinga með COVID-19 til að auka þekkingu um framgang sjúkdómsins. Fjarheilbrigðisþjónusta fyrirtækisins nýtist ekki aðeins þar heldur ætlar spítalinn einnig að fylgjast rafrænt með hjartabiluðum.

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Martin Ingi Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir í svæfinga- og gjörgæslulækningum á Landspítala, hefur fengið leyfi vísindasiðanefndar til að rannsaka gögnin sem safnast hafa í gegnum fjarheilbrigðiskerfi SidekickHealth. Safnað hefur verið gögnum um einkenni yfir 1000 sjúklinga með COVID-19. Þetta segir Tryggvi Þorgeirsson, læknir og forstjóri fyrirtækisins.

„Skoða á þróun einkenna hjá þessum hópi og hver þeirra hafa forspárgildi um slæman gang sjúkdómsins. Þannig getum við betur áhættu- metið sjúklingahópinn út frá einkennamyndinni,“ segir hann. Martin Ingi er ábyrgðarmaður rannsóknarinnar, en auk hans koma ýmsir sérfræðilæknar á Landspítala að rannsókninni, svo sem Lovísa Björk Ólafsdóttir, Magnús Gottfredsson og Ragnar Freyr Ingvarsson.

Athygli vakti þegar tókst að aðlaga fjarheilbrigðiskerfi Sidekick, sem er CE-merkt lækningatæki og hefur verið í notkun síðustu 6 ár, á stuttum tíma fyrir COVID-19 faraldurinn. Tryggvi segir að fjöldi sérfræðinga á Landspítala hafi komið að þróuninni. „Einnig barst aðstoð frá tölvuleikjafyrirtækinu CCP sem lagði til þróunarteymi til að styðja við og flýta aðlögun.“

Sjúklingar tilgreina daglega einkenni sín með matslistum í gegnum smáforrit. „Þar er einnig að finna fræðslu og góð ráð frá læknum, sjúkraþjálfurum og sálfræðingum á Landspítala.“ Hjúkrunarfræðingar og læknar fylgjast síðan með þróun einkenna í gegnum vefgátt, eiga samskipti við sjúklinga og meta hvenær kalla þurfi þá inn til nánari skoðunar.

„Stuðst er við algóritma og gervigreind við matið sem auðveldar heilbrigðisstarfsfólki að sjá hvort inngríps er þörf,“ segir Tryggvi.

Fjarheilbrigðiskerfi Sidekick hefur hingað til nýst öðrum sjúklingahópum en þeim með COVID-19, svo sem sjúklingum með hjarta- og æðasjúkdóma og ýmsa bólgusjúkdóma. Flest

verkefni fyrirtækisins hafi verið erlendis en þeim fjölgi hér innanlands.

„Auk COVID-19 verkefnisins erum við núna að þróa samstarf við hjartadeild Landspítala sem er afar spennandi,“ segir hann. Verkefnið er leitt af Davíð O. Arnar, yfirlækni hjartalækninga á Landspítala. „Það hefur verið í undirbúningi í rúmlega hálf tveim árum og hefur alla möguleika á að verða víðtækt. Við erum núna að hefja þann hluta sem snýr að fjarvöktun einstaklinga með hjartabilun.“

Hann segir að erfiðara hafi verið að veita fólki með hjartabilun fulla þjónustu út af COVID-19. „Ekki hefur verið hægt að fá sjúklinga í sama mæli inn á göngudeildina og því ætti fjarheilbrigðisþjónustan að nýtast afar vel á tímum sem þessum,“ segir hann og tekur fram að fleiri deildir séu að skoða möguleika á samstarfi.

„Þörfin er um margt lík og hjá COVID-19 sjúklingum. Fólk er veikt og skilar sér of seint inn á bráðamóttökur. Það munar svo miklu í meðferð viðkvæmra sjúklingahópa utan stofnana, svo sem hjartasjúklinga eða krabbameinssjúklinga, að geta gripíð inn í sem allra fyrst ef einkennin versna. Ef það er gert snemma er auðveldara að snúa vand- anum við,“ segir hann.

Fjarheilbrigðiskerfi Sidekick hefur víða haslað sér völl og fjöldi verkefna í höfn. „Við bætum í næsta mánuði Finnlandi og Sviss í hópinn og erum á þessu ári að fara í verkefni í 10 löndum í Evrópu þar sem verið er að veita fjareftirlit og meðferð fyrir ólíka sjúklingahópa.“

Tryggvi segir að fjarheilbrigðiskerfið hafi nýst vel hjá fjölbreyttum sjúklingahópum og samstarfið við Landspítala í þessum heimsfaraldri sé kærkomið. „Við erum virkilega ánægð með að vera komin á skrið hér heima. Þar byrjaði verkefnið fyrir 6 árum síðan og markmiðið var að sjálf- sögðu að geta notað kerfið hér á landi þar sem það var þróað.“



Hlíðasmára 8
201 Kópavogi
sími 564 4104

Útgefandi

Læknafélag Íslands

Ritstjórn

Magnús Gottfredsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Elsa B. Valsdóttir
Gerður Gröndal
Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir
Margrét Ólafía Tómasdóttir
Magnús Haraldsson
Sigurbergur Kárason

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védis Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður

Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
gag@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Esther Ingólfssdóttir
esther@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Prófarkalestur

Aðalsteinn Eyþórsson

Upplag

1850

Prentun og bókbönd

Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi



Áskrift

21.900,- m. vsk.
Lausasala
2190,- m. vsk.

© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirslna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213